

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Reykjavík, 7.12.2023
UST202302-059/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 22. maí 2023 þar sem fram kom að frávik hefði verið skráð í eftirliti í fiskeldisstöð Matorku ehf. að Fellsmúla þann 17. apríl 2023.

Frávikið er eftirfarandi:

Gr. 2.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs frá stöðinni var árið 2021 umfram heimiluð mörk í starfsleyfi. Skv. gr. 3.4 í starfsleyfi hefur rekstraraðili val um það hvort stuðst sé við beinar eða óbeinar mælingar í frárennsli til að meta losun. Hingað til hefur rekstraraðili notað óbeinar mælingar en mun skv. úrbótaáætlun framvegis nota beinar mælingar þar sem rekstraraðili telur þá aðferð gefa betri mynd af raunverulegri losun. Einnig verður flæði fiska yfir á stöð Matorku í Grindavík bætt, þ.e.a.s. fiskarnir verða fluttir smærri yfir, sem á skv. rekstraraðila að minnka losun fosfórs í Fellsmúla. Rekstraraðili skoðar einnig að kaupa inn fóður með lægra fosfórinnihaldi en það sem keypt er nú.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Frigg Thorlacius,
lögfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur